

# Góður grunnur

Álfhólsskóli vinnur að þróunarverkefni í 1. bekk í samstarfi við Menntasvið og Kópavogsskóla sem kallast Góður grunnur.

Sálfræðingur, kennsluráðgjafi í íslensku sem annað mál og talmeinafræðingur starfa sem hluti af teymi fyrir 1. bekk. Þessir aðilar verða með ráðgjöf til kennara og fræðslu fyrir foreldra eftir þörfum og áhuga. Verkefnastjóri grunnskóladeildar verður með í upphafi og eftir þörfum. Teymið fundar einu sinni til tvisvar í mánuði eftir þörfum. Verkefnið felur í sér öfluga teymisvinnu fyrir árganginn í heild og er lögð megin áhersla á að skólastarfið sé skipulagt með þarfir allra nemenda í huga. Minni áhersla er á sértæka vinnu tileinkaða ákveðnum nemendum. Þverfagleg þekking allra aðila er nýtt til að ná utan um ólíkar þarfir nemenda. Snemmtæk íhlutun er afar mikilvæg í þessu samhengi.

Í fyrsta bekk eru fjármunir grunnskóla fyrir alla nýttir á annan hátt. Hafðir eru fjórir umsjónarhópar í stað þriggja auk þess sem kennarar í 2. bekk kenna í bæði íslensku og stærðfræði í árganginum. Þetta gerir það að verkum að hópastærðir verða viðuráðanlegri og kennarar hafa frekar tækni á að halda utan um hópinn og ólíkar þarfir nemenda, auðveldara er að einstaklingsmiða og koma til móts við hvern og einn.

Á skólaárinu er svo stefnt að því að bjóða upp á fræðslufundi fyrir foreldra með talmeinafræðingi og sálfræðingi. Efni kynningarfundanna verður valið út frá áhuga og þörfum foreldrahópsins í kjölfar skoðanakönnunar sem lögð er fyrir að hausti. Einnig verður boðið foreldrum tvítýngdra barna upp á fræðslufund með kennsluráðgjafa í íslensku sem öðru tungumáli og umsjónarkennurum. Á skólaárinu verður kennurum jafnframt boðið upp á fræðslufundi frá sálfræðingi og talmeinafræðing.

Markmið verkefnisins eru að:

- Nemendur fái nám og stuðning við hæfi, öllum nemendum líði vel í skólanum.
- Kennarar fái stuðning og rými til að kenna fjölbreyttum nemendahópi á árangursríkan hátt og líði vel í starfi.
- Nýta betur fjármuni í grunnskóla fyrir alla. Ná meiri skilvirkni og árangri með þær bjargir sem eru til staðra.